

Margrét Pála Ólafsdóttir

11. janúar 2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Halla Kristín Einarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

© Krumma films ehf.

914-2325 Apple ProRes 422

Heyrðu ég ætla að fá að klára bara það sem ég var að segja áðan. Það var svo stór hluti af pólitíkinni í kringum réttindabaráttuna sem var að sannfæra ekki aðeins stjórnámálamenn á þingi heldur að fá fólk hér og þar til að skilja málstað okkar og hluti af því var að pexa við kirkjunnar þjóna og fulltrúa sértrúarsafnaða. Pólitík Samtakanna hafði alltaf verið að, bara að taka ekki þátt í samræðunum. Taka ekki viðræðuna, hún væri ekki þess virði og líka að með því að við myndum þegja þá kæmust þeir ekki að hljóðnemanum. Og við vitum að það er mikið vald að ná hljóðnemanum. En ég valdi að taka slaginn. Ég tók þá í röð. Ég tók Snorra í Betel oftast en einu sinni, Gunnar í Krossinum, það er algerlega ógleymanlegt kvöld þegar við vorum saman á Stöð 2 og ég að mínu mati náði að jarðsyngja hann í lokin og það var Friðrik Schram hjá félagi Kristilegra heilbrigðisstarfsmanna og svo náttúrulega Þjóðkirkjuklerkar og slíkir. En ég fann að þetta hafði gríðarleg áhrif útávið að taka þetta opinberlega, þetta vakti mikla athygli og hreinlega andstaðan og hvernig hún var lögð fram af hálfu manna sem að veifuðu Biblíunni til að berja fólk með henni, sú framganga hún gerði ekkert nema að afla okkur stuðnings. Og fjölmargir sem að áður voru ekkert að velta fyrir sér hvort að lesbíur og hommar væru guði þóknanleg eða ekki að fólk fór að hugsa það. Fólk tók afstöðu. Og þeir græddu ekki á að koma opinberlega fram og taka slaginn við okkur. Morguninn eftir að lögin voru samþykkt þá var ég kölluð niður í Útvarp einu sinni sem oftast og þá var það Snorri í Betel. Og það er í fyrsta skipti í, í öllum þessum fjölmiðlaslag sem ég tók í alla vega tvö ár þar sem ég nánast missti mig, vegna þess að tilvist laganna, samvistarlöggjöfin, sem í fyrsta skipti veitti okkur, veitti okkur réttindi, sem í fyrsta skipti viðurkenndi okkur á Íslandi, fyrsta markið um að íslenskt samfélag væri að samþykkja okkur, og morguninn eftir að vera kölluð einu sinni enn til að réttlæta tilvist mína og tilvist okkar, ég man að ég var galin af reiði bæði við Snorra og þáttagerðarkonuna. Þetta var svona.

HK: En mættir samt.

Auðvitað mætti ég. Ég tók alltaf slaginn. Það var valið. Alltaf að taka slaginn. Alltaf að svara. Og á þeim tíma var það mikilvægt og það virkaði. En það var líka, umræður, og þetta

opnaði allt á umræður hér og þar í fjölmiðlum og við vorum mjög áberandi. Bæði í blöðum, útvarpi, sjónvarpsstöðvunum og það skipti máli. Það skiptir svo miklu máli að tala upphátt, auðvitað höfðum við alltaf gert það, en við komumst í miklu sterkari stöðu til að ná alla leið. Og við vorum líka, reyndar ekkert mörg, við vorum afskaplega fá eins og alltaf sem vorum tilbúin að stíga fram og ljá sem sagt málstaðnum andlit og nafn og rödd og það er alltaf það sem hefur sigrað. Fyrst þegar fólk bara að byrjaði á að lifa og vera það sjálft og segja frá sér og sínum, það virkaði. Þegar við förum í fjölmiðlaslaginn þegar að réttindabaráttan er í hámarki, allt auðvitað í kjölfar alnæmisins og í þeim skugga sem það varpaði á líf okkar allra. Það voru langir skuggar. Að sýnileikinn var svo mikill og með því að tala hreint út, segja satt, segja rétt og kenna þjóðinni að við vorum að tala um mannréttindi og ekkert annað. Það skipti sköpum að hamra á því og meirihluti þjóðarinnar var á undan meirihluta Alþingis að vilja sjá full réttindi fyrir okkur. Þannig að þegar loksins lögin urðu að veruleika þá var það með greiðarlega góðri samstöðu hjá bara, hjá þjóðinni. Það var ótrúlegt að upplifa stemminguna.

HK: Geturðu talað aðeins um pólitíkina sem fór fram á bak við tjöldin? Þú fírst með hana svolítið út í opinbera rýmið í þinni formannstíð. Hvað þurfti samt og hverjir voru að gera vinnuna á bakvið sem við höfum kannski frétt minna af?

Öll þessi pólitíska vinna byrjar vitaskuld með Guðna Baldurssyni í upphafi Samtakanna þar sem hann tekur mjög róttæka pólitíska afstöðu og fólk bara hrópar á torgum og þorir að gera það. Síðan svona má segja að sé stigið talsvert til baka, farið meira inn á við en meira unnið, eins og þú segir, bak við tjöldin, Þorvaldur Kristinsson og fleiri sem að unnu með Bandalagi jafnaðarmanna, sem komu með fyrstu réttindatillöguna fram á þingi. Auðvitað dagaði hún uppi, en, en það var Kristín Kvaran úr Bandalagi jafnaðarmanna og auðvitað var mikil vinna þar á bak við. Það var líka unnið mikið bak við tjöldin til að koma nefndinni af stað og fá Alþingi til að samþykkja næstu þingsályktunartillögu sem Ingibjörg Sólrún leggur fram. Og þegar að ég kem að sem formaður, þá er þetta, þá er þetta spurningin um það að vinna með pólitíkinni til þess að flýta áfram og hraða löggjöf sem hefði hvort eð er komið, við erum ekki fyrst í heimi, þannig að okkar hlutverk var að flýta og jú, að einhverju leyti vann ég bak við tjöldin en samt sem áður var mín fyrsta ákvörðun þegar ég tók við sem formaður, ég ætla að taka þessa, ég ætla að taka þessa umræðu, ég ætla að taka þessa

pólitísku vinnu bara fram í dagsljósið. Og, og mitt fyrsta verk sem formaður var að boða opinn borgarafund á Hótel Borg til að kynna að, að það voru komnar tillögur alla vega um réttarbætur fyrir okkur og þá kallaði ég á fólk sem ég þekkti í pólitíkinni. Ég fékk Ingibjörgu Sólrúnu til að koma, ég fékk Össur Skarphéðinsson vin minn og fleiri og fleiri úr pólitíkinni til þess að koma og sitja fyrir svörum og segja bara, hvað ætlar Alþingi að gera í málefnum samkynhneigðra en ég hafði ekki grun um hvort það myndi svo mikið sem ein manneskja mæta á fundinn. Pólitíkin kom, ég var búin að tryggja það. En það voru sjónvarpsvélar, það var upptaka og í síðasta skipti í minni tíð, og ég held í sögu Samtakanna, var eitt borð þar sem var bannað að taka myndir. En salurinn fylltist af gay fólki og örfáir völdu að fara við borðið sem að ekki var tekið upp, en að öðru leyti þá er þetta fyrsta opinbera samkoman þar sem við komum fram í dagsljósið, ræðum okkar mál og án þess að nokkur nafnleynd eða andlitsleynd sé fyrir hendi. Og þarna tókum við baráttuna bara, bara út á stræti borgarinnar og þannig, þar héldum við henni í tvö ár. Bakdyraplottið, það eru síðan endalaus símtöl, endalaust verið að hitta fólk, endalaust að nota gömul sambönd því ég hafði verið virk í pólitík áður og ég hafði verið mikið í grasrótarsamtökum og þekkti marga, endalausar heimsóknir og fleiri símtöl. Ekkert gerist náttúrulega án þess. Og ég ætla að fá að deila einni sögu frá, frá þeim tíma. Það var ekki slagurinn um samvistarlöggjöfina heldur um tækniþróun og rétt lesbía til aðildar þar að. Og þá hringdi ég einmitt og var búin að eiga samtöl við einn ónefndan ráðherra. Og ég að lokum sagði: En þetta skiptir engu máli þótt þið kallið að þetta sé heilbrigðisvandamál og þess vegna sé þetta fyrir konur sem að séu, geta ekki, sem eiga menn sem að hafa heilbrigðisvandamál en ekki fyrir lesbíur eða eitthvað slíkt, það þýðir ekkert að leika sér svona með þessi hugtök. Þetta snýst bara um það að alveg eins og fólk fór að búa saman áður, lesbíur og hommar, án þess að vera með lagalegt leyfi fyrir því, að þá eru bara konur að fara til Danmerkur ef að þær eiga peninga, til þess að fá tækniþróun eða bara þær fá sæði hjá einhverjum kunningja og gera það sjálfar. Og þessi ráðherra saup hveljur og sagði: Guð minn góður, ertu að meina að þær séu að verða óléttar framhjá lögnum? Þetta var ógleymanlegt baktjaldasímtal þegar ég sagði við viðkomandi, já veistu það lögin hafa aldrei stjórnað ástarlífi eða barneignum fólks á Íslandi (*hlær*). En það er svo ótalmargt í þessari baktjaldavinnu sem að kemur auðvitað aldrei fram í dagsljósið og sumar sögur eru aldrei sagðar og flest nöfn eru ekki nefnd. En þannig er það. En þetta, að þrýsta, ýta, minna á, halda áfram, en innan þingsins var rosalega góður hópur sem ég gat leitað til. Og það var ógleymanlegt að vera á pöllunum þegar

samvistarlöggjöfin var samþykkt. Og við vitum auðvitað að fulltrúi Vestmannaeyinga, sem að var auðvitað ekki fulltrúi Vestmannaeyinga, en við vitum auðvitað, Árni Johnsen greiddi atkvæði gegn því og ónefndur, yndislegur þingmaður vinur minn sagði að það væri svona haft að orði að ræðan hans hafi verið föxuð frá Betel, á bréfsefni þess safnaðar. Æ, þetta er kannski óþarfi. En sagan er samt góð. En fæst er talað upphátt.

HRA: Hvers virði var að eiga þessa andstæðinga? Ég meina þeir í raun og veru gerðu meira gagn en hitt.

Málið var að, að í allri umræðunni, var ekkert stórkostlegra fannst mér heldur en að fá einhvern sem að kom með rök sem gengu gegn allri almennri skynsemi. Eða að fá fólk veifandi Biblíunni til þess að tilkynna að sumir væru ekki guði þóknanlegir, að sumum bæri ekki sami réttur og öðrum eingöngu vegna þess að þú hefur aðrar tilfinningar heldur en einhver tiltekinn söfnuður. Eða jafnvel, lög ríkisins sem að eru nú bara mannana verk, voru ekki í takti við það sem ætlast var til. Og Íslendingar eru svo skynsöm þjóð, þannig að slagurinn við andstæðingana sópaði að okkur stuðningsfólki. Þeir sem áður sögðu já, já hvað er þetta, þarf kannski ekkert mikið að ræða, en þegar þeir heyrðu árásirnar á okkur þá ofbauð réttlátum Íslendingum. Og á einhvern hátt tókst okkur að fara frá því að fólk liti á réttindi samkynhneigðra sem eitthvað einkamál í svefnherberginu yfir í að skilja að mannréttindi væru brotin á okkur. Þessi leið var mjög merkileg. Fyrsta ráðstefna sem ég fór á sem formaður Samtakanna, það var mannréttindaráðstefna í Viðey og ég tróð mér inn á hana því að Samtökunum var vitaskuld ekki boðið. Og þar, með fulltrúum pólitískra hreyfinga, mannréttindahreyfinga og fleira var sagt við mig, hvað ert þú að gera hérna? Þetta snýst ekki um kynlíf! Yfir í að þjóðin skildi að lesbíur og hommar ættu að eiga sama rétt á ekki aðeins virðingu heldur sambúðarformi, barneignum, tryggja sig með sínum lífsförunauti eða hvað það var. Að öll þessi, öll þessi fæðingar, allur þessi fæðingarréttur sem við fæðumst með og svo stígum við skrefið úr felum, finnum okkar sannleika sem gerir okkur frjáls og þá vorum við svipt allskonar fæðingarréttindum. Sem er svo í eðli sínu svo innilega rangt. Og ég held að, og ég held að Íslendingar hafi verið flestum fljótari að skilja að málið er ekkert mjög flókið. En á móti kemur og það er önnur saga í raun og veru, að það verkefni sem ég vinn sem formaður Samtakanna, það er að taka ákvörðun og vinna í að fá hópinn minn með mér, hópinn í Samtökunum '78 til að tala fyrir mannréttindum.

914-2326 Apple ProRes 422

Það er auðvitað ekki löggjafanum að þakka að lesbíur og hommar eru til, eða við búum saman eða eignumst börn eða ættleiðum börn eða hvað við gerum. Löggin hafa alltaf komið sem staðfesting á raunveruleika sem við höfum skapað. Lesbíur bara fundu leið til að verða ófrískar og fólk bjó saman opinberlega þótt það hefði enga lagastoð einhverstaðar. Þannig er þetta. Þannig að alltaf var verið að staðfesta það sem var orðið. En í því samhengi, um staðfestingu á öllu sem var orðið þá verð ég að nefna alnæmið. Það var líka eitt af því sem var orðið raunveruleiki. Við vorum ekki lengur kornungt samfélag þar sem allir voru innilega og hjartanlega og bara glad to be gay og allt syngjandi hamingjusamt og ánægt, þar sem við vorum tilbúin að greiða hvaða verð sem var bara til að fá að lifa hamingju okkar. Það var nefnilega ekki hamingja okkar sem hreyfði mest við löggjafanum. Það var óhamingjan og dauðinn, sjúkdómurinn alnæmi. Það hafði langmest áhrif á það að samvíska þjóðanna, þar á meðal íslenskrar þjóðar, vaknaði. Sá raunveruleiki að við vorum veik, menn voru deyjandi, fjölskyldur voru enn á dánarbeiði einhvers hommans að halda makanum í burtu, menn fengu ekki erfðarétt eftir ára og áratuga sambúð, fleira og fleira. Þegar óhamingjan dynur yfir þá hrekkur samviskan í gang og þá fer löggjafinn fyrst og fremst af stað. Ég hef alltaf haldið því fram að þetta, þetta var það sterkasta afl sem hreyfði við því að skapa réttindi og virðingarvert samfélag fyrir lesbíur og homma. Langsterkasta. Og ég skynja þetta svo sterkt þegar ég tek við Samtökunum og var búin að fylgja mörgum til grafar að þessir strákar þeir höfðu ekki dáið til einskins. Þeir lögðu fram óhamingjuna og sársaukann sem var ekkert hægt að fela fyrir umheiminum lengur. Það var ekki hægt. Þeir gerðu okkar kröfu fullkomlega sýnilega og það er sárt að hugsa til þess hvílíka óhamingju, hvílíkan sársauka og veikindi þurfti til á meðan hamingjan okkar hreyfði varla við nokkrum manni, ef þið skiljið hvað ég er að fara. Mér hefur alltaf fundist þetta svo merkilegt. Á miðnætti þegar lögin gengu í gildi, fyrsta jákvæða viðurkenningin á að við værum til og við mættum vera til í íslensku samfélagi, þessi stóru vatnaskil sem í mínum huga marka bara áður og eftir fyrir okkur gay fólk, þá vorum við með samkomu í Fríkirkjunni sem hafði verið eina kirkjan sem alltaf bauð okkur velkomin, var fyrst að halda alnæmismessurnar og annað slíkt. Þarna vorum við á miðnætti og biðum eftir því að klukkan yrði tólf og að við gætum stigið út í sumarnóttina sem fólk með réttindi og virðingu, fólk sem að átti sér m.a.s. lagastoð í íslensku samfélagi. Og þá var ég með ávarp þar sem ég var að kveðja alla

félagana okkar sem í raun og veru gerðu þessa stund mögulega. Alnæmi flýtti okkar réttindum um aldarfjórðung, eða það er mitt mat. Og við meigum aldrei gleyma þessu. Og við meigum ekki gleyma því í dag þegar margt virðist sjálfsagt. Við skulum alltaf hugsa til baka. Það sem hefur gerst getur alltaf gerst aftur, og meira að segja það sem hefur aldrei gerst getur líka gerst. Við skulum aldrei vera of viss og róleg í trúnni og við skulum muna eftir því, fólk sem að lifir hamingju sína í dag, að við eigum stóra þakkarskuld að gjalda við strákana okkar sem kvöddu þegar alnæmisfaraldurinn gekk yfir. Mér finnst þetta bara alltaf skipta svo miklu máli. Ég held að, við grétum öll eins og börn. Við grétum öll eins og börn. Því við tókum örlitla þögn til þess að minnast þeirra og gengum síðan sem fullgildir þegnar loksins út í miðnætursólina, augnablik sem ég mun aldrei gleyma. Þá þökkuðum við þessum strákum. Það er svo skrítið hvað hamingjan er áhrifaminni en sársaukinn.

HK: Íslensk-lesbíska, hvað var það fyrir nokkuð?

Við stofnuðum Íslensk- Lesbíska, skammstafað ÍL, á einhverjum tímapunkti þegar við vorum nokkrar róttækar stelpur sem fannst hommarnir ráða fullmiklu í Samtökunum. Við vorum fámennari, við vorum minna áberandi. Alþjóðasamtökin ILGA voru nýbúin að beina þeim tilmælum til aðildarfélaganna sinna að telja alltaf lesbíur upp á undan hommunum í nafni og markmiðum Samtakanna til að draga fram hinn ósýnilega hóp kvenna. Og skemmtanir, nýting á félagsheimili, innkaup á bókasafn og blöðin og, og myndbönd til leigu fyrir féлага og, og okkur leið oft eins og við værum, við værum á öðrum stað. Og við vorum róttækar, við vorum partur af, af ýmsum kvennahreyfingum sem voru á níunda áratugnum að blómstra og við gengum svona út að hluta. Þetta var, þetta var hörku dugmikill hópur og þetta var tvennt sem að ég man aðallega eftir úr starfinu okkar, fyrir utan allt hitt sem ég man, en svona tvö meginatriði; Annað var að tala um hina tvöföldu kúgun lesbía. Við erum bæði konur sem að, sem að tókum allt sem því fylgir, lægri laun og, og allt hérna það sem fylgir í misréttissamfélagi og síðan sem lesbíur þá náttúrulega vorum við í hópnum með strákunum og undir, já og undir hælum, og á þessum tíma náttúrulega, við héldum ekki vinnu, við vorum rekin úr íbúðum þið vitið, fólki var hent út af skemmtistöðum, þetta var þessi tími þegar við fundum virkilega mismununina brenna á eigin skinni. Og ég man eftir okkur í 1. maígöngu með dreifirit að vekja athygli á stöðu okkar og annað slíkt og, og hérna, fengum aðstöðu á Hótel Vík þar sem önnur

kvennasamtök voru. Reyndar tók það nú nokkra fundi að við fengjum opinberlega þar inni af því að það voru ekki öll kvennasamtök reiðubúin að opna dyrnar fyrir, fyrir herna lesbíum. Þetta gæti komið á hálfgerðu óorði á kvannahreyfinguna. Lesbíur á Íslandi voru aldrei partur af kvannahreyfingunni þannig að þarna vorum við að reyna, jú, jú loksins tókst þetta. Við fengum aðstöðu inni á Vík og ég man nú ekki hvort að við þraukuðum í tvö, þrjú ár. Hinn helmingurinn af starfi Íslensk – Lesbíska það var að eiga rauðvinsglös og hvítvinsglös og slíkt og halda almennileg partí. Og þegar að við síðan hættum starfseminni þá man ég alltaf eftir því þegar ég var ásamt einhverjum fleirum að pakka niður glösunum og koma þessu öllu bara til baka upp í Samtök, flytja heim að nýju. Þannig að þetta var líka tíminn þar sem þar var kátt og, og mikil neysla, mikið drukkið. Það var partur af. En það var líka, það var líka leið sem að margir fóru. Þetta voru erfiðir tímar og þá var bara gott að djamma dálítið og deyfa með, með neyslu. Þannig að við náðum bæði að hafa ákveðinn svona, vera með pólitískan sýnileika, reyna að koma okkur aðeins á framfæri við kvannahreyfinguna en líka góður djammklúbbur, gleymum því ekki.

HK: Hvað var þetta fjölmennur félagsskapur?

Ég man svona aðallega að við vorum nokkrar sem að vorum kjarninn. Og svo þegar eitthvað var um að gera, um að vera, þá komu fleiri. En þetta var kannski kjarninn verið sex, átta manns, verið sex, átta stelpur eitthvað í þá áttina, svo komu fleiri með.

HK: Vildi kvannahreyfingin ekkert tala við ykkur, þið fenguð að vera þarna en...

Það var ekki einu sinni samþykkt á fyrsta fundi. Það þurfti að fara í gegnum meiri umræðu og annað slíkt áður en okkur væri hleypt inn. En þetta er náttúrulega eins og Gunna Ögmunds sagði einhvern tímann úr Rauðsokkahreyfingunni að lesbíur voru heldur aldrei sýnilegar þar. Og hún hefði verið á símavakt þegar einhver erlendur gestur, kona, lesbía, hringir í Sokkholt trúlega, til að spyrjast fyrir um það hvar hún gæti hitt lesbíur. Og þá var bara svarað, bara það eru engar lesbíur á Íslandi ég meina þær voru tvær en þær eru báðar farnar til Kaupmannahafnar. Og þetta var svona í kvannahreyfingunni líka. Og mín tilfinning er og við skynjuðum það á þessum tíma, kvannahreyfingin var hrædd við að fá á sig einhvern stimpil, einhvern lesbíustimpil, einvern ókonustimpil. Og ég man að já, við

vorum þarna í Íslensk – Lesbíska við vorum róttækar konur já lengst til vinstri, Allaballar, en við m.a.s. gáfumst upp þar og flúðum þaðan. Það var ekkert mikil eftirspurn eftir okkur í pólitískum hræringum þess tíma. Það er nefnilega alveg ótrúlegt, ég kem úr felum '84, ég hafði verið svo ógn vinsæl og eftirsótt og þar á meðal já, eins og í pólitík og fleiru, bara eftirspurnin hún hrundi. Hún bara hrundi. Allt í einu varð ég bara ekki nothæf í nokkurn hlut. Stórmerkilegt. Ég skil alltaf Hörð Torfa svo vel. Af því að ég var búin að vera náttúrulega búin að vera áberandi bæði í stéttapólitík, kvennapólitík og fleiru og í Allaböllunum, ég sat í fámennri framkvæmdastjórn flokksins og annað slíkt. Og þá var þetta svo merkilegt að, að finna að allt í einu var bara eftirspurnin hrunin. Ég var náttúrulega bara áfram í boði til allra verka eins og ég hef ávallt verið en áhuginn minnkaði svona ógnarmikið. Þannig að ég, í raun og veru, það var sjálfhætt. Og að því leytinu þá hefur alltaf þessi staðreynd að, að koma úr felum sem lesbía það í raun og veru mótaði starfsferilinn minn og æviferilinn.

HRA: Flott þetta klippist vel á móti öðrum pælingum.

Nei ég er líka að hugsa eins og um Jóhönnu Sigurðar.

HRA: Einmitt.

Ég skrifaði grein þegar að bókin þeirra Jóhönnu og Jónínu kom út og þar sagði ég afskaplega heiðarlega að þá loksins Jóhanna Sigurðadóttir kom úr felum þá var það auðvitað á heimsvísu. En ég óskaði þess svo heitt á erfiðustu stundunum í baráttunni sem formaður Samtakanna að allt þetta gay fólk, konur og karlar sem að voru í felum og höfðu skapað sér nafn einhverstaðar, ef þau hefðu öll komið út og tekið þátt. Ég átti þennan draum. Og hvað ég þráði að hún Jóhanna tæki skrefið. En ég sagði heiðarlega í þessari grein, ef hún hefði gert það þá hefði hún aldrei orðið forsætisráðherra. Hún hefði hætt í pólitík. Þetta er bara mjög einfalt. Það vitum við sem komum inn og höfðum, höfðum skapað okkur nafn að, að við bara, við förum annað. Það var ekkert annað í boði. Að því leytinu var ég mjög þakklát að hún Jóhanna skuli bara hafa haldið sig í skápnem (hlær). Og ég hef sagt henni Jóhönnu það með mikilli gleði því ég er svoddan aðdáandi. En svo harður

var heimurinn, svo harður var heimurinn að henni hefði verið hent út. Afburðapólitíkus.

Manstu ekki, nei þú varst erlendis.

HRA: Ég man vel eftir þessu.

En ég man eftir sko tímum, ég beið bara eftir að Jón Baldvin mundi segja setninguna, bara hvað er þessi helvítis lesbía að segja? En fyrirlitningin sem hann sýndi henni, ég bara horfði á skjáinn og ég beið eftir að hann myndi segja þetta en hann gerði það ekki. Og hún þagði. En hin minnsta ástæða, ef hún hefði gefið eitthvað uppþá hefði hún verið látin fjúka hratt og örugglega. Það vissi ég af eigin raun. Þetta er svo galið, þetta er svo galið. Og svo heldur ungt fólk í dag að við séum öll bara eitthvað svona hinsegin og þetta er allt svo póstmóðernískt og það að vera lesbía eða hommi þetta er bara forréttindalíf og, og hérna sagan skiptir engu máli og þetta er allt öðruvísi í dag en, lífið er bara dálítið öðruvísi, lífið er flóknara.

914-2327 Apple ProRes 422

HRA: Það er eitt sem að ég hef alltaf velt fyrir mér, það var hérna, áður en við förum í lokasetningu um ástandið í dag sem að var nú næstum komin, þegar að þú lentir í allri þessari mótspyrnu í Hafnarfirði með leikskólann, af hvaða toga var það? Var það starfseinelti vegna kynvillu að einhverju leyti eða geturðu lýst? Hvað gerðist? Er þetta rétt hjá mér?

Það voru nánast allir í felum. Alla vega opinberlega. Allir sem unnu í skólastarfi, allir kennarar voru í felum af því að það var svo mikill ótti að ef þú ynnir með börnum að þá geturðu haft neikvæð áhrif. Allir voru viðbúnir að fá þá árás á sig. Og ég og vinur minn hann Einar Örn sem þá var organisti í Keflavíkurkirkju við ræddum stundum að það væri dálítið viðkvæmt starf. Að sko kirkjan og krakkarnir. Og þannig að kennarar héldu sig til hlés, rétt eins og við vorum ekki guði þóknanleg þá var talið að við værum börnum ekki holl. Við gætum haft neikvæð áhrif á þróun og þroska barna og að samkynhneigðin væri náttúrulega bara hreinlega smitandi það lá einhverstaðar undir niðri. Ég hef lent í nokkrum slagsmálum, verið hent út úr íbúð oftar en einu sinni og verið argað á eftir mér á götu og

Það er svona, það er ansi margt sem ég hef prófað. En ég held þó að ég hefði getað starfað í friði sem leikskólastjóri ef ég hefði látið mér duga að vera þrúð og pen. Og láta, já og vera bara glöð með það að ég væri látin í friði. En að vera bæði lesbía og að auki kjaftfor og með öðruvísi hugmyndir, og í mikilli baráttu gegn, gegn karlveldi, opinberum fyrirskipunum og fleiru að þá brotnar eitthvað. Þú getur ekki leyft þér hvað sem er. Og ég hef stundum talað um þetta sem, svona, sem svona já forgjöf, sem forgjöf, að þegar þú, eins og fyrir mig að vera lesbía það gefur mér svolítið af mínusum og þar af leiðandi get ég ekki leyft mér marga mínusa í viðbót áður en mótmæli byrja. Og þetta held ég að sé þetta óáþreifanlega misrétti sem er engan veginn búið. En já það var notað gegn mér að lokum að ég væri lesbísk, að ég væri að vinna með stúlkum. Það var, en síðan endaði það með að, það var, ég og sveitarfélagið og fjölmiðlar við rifumst um allt sem hægt var að rífast um og enginn skildi um hvað málið snerist. Enginn skildi. Var þetta af því að þetta væru ómögulegar uppeldisaðferðir eða hafði ég brotið reglur bæjarins, voru fjármálin í lagi, ég veit ekki hvað var ekki tekið upp. Og það er einkenni misréttismála þegar moldinni er þyrlað upp og enginn veit lengur um hvað málið snýst, þá er gott að vita; Aha ! Hér er eitthvað undirliggjandi. Og í mínu tilviki þá var það að mér var bannað að vinna með stúlkum og ég hafði birt myndir úr starfi af börnum, af stelpum, þið vitið svona í fjarlægð, í vatnssulli úti naktar, þetta var talið mjög óheppilegt og fleira og fleira og þetta endaði með því að á fjölmönnum fundum var kynhneigð mín til umræðu, útlit mitt, hvort ég væri nógu kvenleg eða ekki og þetta er, þetta er eitthvað sem er ekkert hægt að lýsa. Ég skrifaði einhverntímann um þessa reynslu og ég hélt að ég væri búin að vinna úr þessu en ég endaði sitjandi við tölvuna og tárin streymdu. Þetta eru, þetta eru tímar sem er ekki hægt að lýsa með nokkrum hætti. Já, það var vandamál að ég væri lesbía. Þess vegna leyfðist mér minna. Þess vegna, að ég færi af stað með einhverjar nýningar, umdeildar, samþykkti ekki ríkjandi kerfi og fleira, ég hafði ekki efni á því. Og einhvern tímann sagði við mig háttsettur aðili inni í þessu kerfi, auðvitað hlaut að koma að því að einhver yrði með tilraun í kynjaskiptu starfi og slíkt en þú áttir að vita af öllum að þú mættir ekki vera sú manneskja. Og það er þetta sem ég á við. Við fáum mínus ennþá, lesbiur og hommar, og við þurfum á einhvern hátt að vinna það upp. Þetta er bara eins og fordómar gagnvart öðru, fólk af öðrum hörundslit eða fólk sem talar, já fólk sem talar bjagaða íslensku af því það er ekki búið að búa hér frá upphafi sögunnar skiljiði, það fólk hefur líka mínusa. Og þetta er vandamálið, ekki bara að allir segi ég ræðst að þér af því að þú ert lesbía, nei það er ekki þannig heldur

er þetta, virðing þín er skert, þér ber ekki sama virðing og öðrum, þér leyfist ekki það sama og öðrum. Getur hún ekki verið þakklát? Ég meina hún fær vinnu, ég meina enginn er að kvarta undan henni og ætlar hún svo bara að fara að brjóta allar reglur og, og fara eigin leiðir og annað slíkt ég meina hvar eru mörkin? Og, þannig að þetta var, þetta var, mögulega eitthvað sem ég átti að vita að ég gæti lent í en það er bara, þú trúir engu fyrr en þú tekur á því. En ég hafði eins og ég segi, og þetta var ekki í eina skiptið sem ég þurfti að berjast um vinnuna mína. Ég þurfti að gera það síðar og það var svona mjög svipað mál. Og í því tilviki þá var, þá lögðu örfáir einstaklingar mikið á sig til að losa sig við mig. Og, og ég trúði vart eigin augum þegar það kemur til mín aðili sem að þekkti vel til þarna og sagði, já þú ert í sömu stöðu gagnvart þessum hópi eins og hérna, eins og annar, eins og annar kennari hafði verið, sá kennari kom frá Afríku, sem sagt svört á hörund og fleira og þá hafði sami hópur krafist þess að sú manneskja yrði látin fara, það væri ekki hægt að hafa slíka konu starfandi með börn. Já, þetta er árið 2001 – 2002. Þannig að við segjum alltaf, þetta er allt orðið svo auðvelt og bara það eru engir fordómar lengur, það lítur allt vel út á yfirborðinu en undir niðri þá skulum við muna að það kraumar ýmislegt. Og við erum komin þangað að það er ekki pólitískt rétt að tala gegn samkynhneigðum eða hinseginfólki eða fólki af öðru þjóðerni eða innflytjendum, núna má ekkert segja, það þykir ekki gott en undir niðri getur alltaf eitthvað kraumað. Ísinn er þunnur, göngum með gát segi ég, við skulum ekki halda að saga sem var að skapast fyrir fáum árum að hún sé búin, að hún sé ekki ennþá að hafa áhrif á líf okkar, að hún sé ekki ennþá partur af menningunni. Þetta er allt til staðar ennþá á sinn hátt. En þetta Hafnafjarðarmál, þetta er alveg ótrúlegt. En það er svo gott að, því hef ég oft fylgst með í fjölmiðlum og þegar ég sé einmitt eru byrjaðar einhverjar deilur sem að enginn skilur hvað snúast um, þá er alltaf gott að leita. Þá er eitthvað. Svo er alltaf meiru og meiru þyrllað upp. Alveg stórskrítið mál. Stórsérstakt mál. Þetta var náttúrulega bara alsíða á þessum tíma, að vera hent út úr íbúð og í tvígang. Og það þýddi ekki einu sinni að kvarta, bara þakka fyrir að þú fannst aðra íbúð. Þetta var lífið.

HRA: Já þá er bara, er eitthvað að lokum sem að, baksýnispeglinn, staðan í dag?

Ég verð bara að fá að koma einu að fyrst. Ég kynnist Samtökunum 1984. Og sem félagsvön kona þá leitaði ég uppi hvar lesbíur væru og fer á kvennakvöld. Og það er þá, já mér er sagt hvar það sé og þetta var í einhverju vöruhúsi, ekki, trúlega í Bolholti og ég svona finn nú

dyrnar og það eru bilaðar perurnar þannig að ég þarf að þreifa mig upp á þriðju hæð í myrkri og þar finn ég að lokum einhverjar dyr sem að opnast og þar inni sitja nokkrar konur með sem sagt vínglós í hendi og eru að spjalla. Og ég og þáverandi konan mín vorum, við vorum svo forviða og undrandi að ef þú ætlar að hitta íslenskar lesbíur að þá væri það í gömlu, hálföldu pakkhúsi, í myrkri uppi á þriðju hæð. Og þetta mótaði það að þegar ég kem á vettvang Samtakanna með afli og líka til að fara að starfa fyrir Samtökin að þá skil ég ekki afhverju við eigum að vera að haga okkur öðruvísi heldur en önnur, bæði réttindasamtök eða samtök fólks sem að sameinast um einhverja þætti. Afhverju eigum við að vera í felum? Afhverju getum við ekki talað upphátt um okkar hluti? Afhverju getum við ekki farið í fjölmiðla? Afhverju erum við að reka félagsmiðstöð sem að er aðallega ætluð, já sem er að einhverju leyti meira ætluð fyrir djamm heldur en pólitískt starf og, og hérna samræður og baráttuaðferðir og fleira og fleira. Og þess vegna er það þegar ég tek við sem formaður að þá breytast mikið áherslur, líka tímanna tákn, en það að leggja af stað inn í mannréttindabaráttu og segja djamm og skemmtilíf og fleira, við verðum að ætlast til þess að samfélagið veiti okkur það eins og öðrum og, og breytum strategíunni, hættum að samþykkja það að það sé talað um okkur eins og, eins og kynlíf í svefnherbergi því það er bara trúlegast ekkert merkilegra hjá okkur heldur en nokkrum öðrum, en tölum um líf okkar, réttindi, virðingu og annað slíkt. Og allt þetta ferli frá því að vera í myrkrinu í Bolholtinu að paufast upp stigann og fara með Samtökin á Laugaveg var sérdeilis merkilegt ferli og það eina sem ég sá eftir þegar ég lét af formennsku, þegar við erum komin og búin að kaupa á Laugaveginum, það er það að risavaxið skilti með merki Samtakanna sem ég var búin að panta utan á húsið það var afpantað af þeim sem tók við af mér af því að það þótti of dýrt. Það er það eina sem ég grét en ég lagði allt í mannréttindabaráttu, sýnileika, opna umræðu, heiðarleika, bara setja orð á hlutina, ræða, það er eina leiðin til þess að mál vinnist og til þess að skilningur á milli allra aukist. Bara segðu hlutina eins og þeir eru, segðu satt, þorðu að tala upphátt, komdu fram, finndu kjarkinn þinn og stundum þurfti ég svo sannarlega að draga andann djúpt og leita að kjarkinum mínum áður en ég tók einhvern slaginn. En að mínu mati þá var þetta, þá var þetta tímabil sem að náði að þjappa meirihluta þjóðarinnar, meginþorra fólks með okkur. Og það sáum við bæði þegar við fögnuðum í Borgarleikhúsinu, þegar við héldum mannréttindahátíðina okkar í Óperunni, þegar við kölluðum í fyrsta skipti til Gay Pride á Lækjartorginu, við vorum komin með meginþorra þjóðarinnar með okkur. Og þetta ferli, að fá að taka þátt í því og fá að leiða það, það voru

forréttindi. Og þótt að við höfum verið fámennishreyfing þá erum við nú samt ansi mörg sem að lögðum mikið af mörkum.

914-2328 Apple ProRes 422

Það sem ég á við. Enginn vinnur neitt einn. En samt sem áður ef við hugsum um alla söguna.

Baksýnispeginllinn? Samtökin '78 í mínum huga eru ekki lengur til. Þau voru byggð í kringum, í kringum hérna ákveðnar hugmyndir. Þau eru byggð á sínum tíma, '78, upp á róttækum hugsjónum, um ákveðnar baráttuaðferðir, sýnileika, pólitík sem að skipti okkur öll máli, í kringum samstöðu, hommanna annars vegar, lesbíanna hins vegar og svo finna hvað við ættum sameiginlegt þótt að stundum færum við í sundur líka og við höfum unnið okkar leið áfram á þeim nótum og skapað Samtökunum '78 ákveðið nafn. Og við fengum fólk til að standa með okkur og trúa því, já, við erum að tala um mannréttindi, við erum að tala um réttlæti, við erum að tala um sanngirni og lesbíur og hommar við notum okkar hugtök og við stöndum stolt með því og um það snúast Samtökin '78 sem upphaflega hétu félag homma og lesbía á Íslandi. Þau eru að mínu mati horfin. Í staðinn er komin ný hreyfing, samtök hinseginfólks á Íslandi. Það er algjörlega frábært að fólk hópi sig saman, þjappi sér saman um sín mál, ekki spurning en, en ég sé það að þróunin allt frá 1978 til dagsins í dag segir okkur að á síðustu árum þá hafa baráttuaðferðir, samstaða, samvinna og hugsjónir í kringum lesbíur og homma og, og, og hérna, já þá hefur, þá hefur sá þáttur vikið í aðrar áttir, þannig að í mínum huga þá er kominn nýr veruleiki og slíkum veruleika ber ný framtíð og, og nýtt líf. En við skulum passa upp á það að við eigum okkur sögu, menningu, og við eigum okkur aðferðir og við eigum tap og sorgir og sigra og sársauka og hamingju sem Samtökin '78, sem hópur fólks sem að var nánast eins og stórfjölskylda. Þessum tíma er lokið alla vega í nafni Samtakanna '78 og mitt mat er að við ættum, að við ættum að kveðja. Kveðja þetta skeið, kveðja þessi 40 ár og Samtökin okkar eins og þau voru og sjá síðan hvað hinsegin fólk á Íslandi ætlar sér að skapa í sínu nafni fyrir sína framtíð og svo sjáum við hvað, hvað hérna, hvað við gay fólk gerum í okkar lífi.